

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Hagsmunasamtök Heimilanna



1.6.2018

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 150. mál á 148. löggjafarþingi

Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað (opin gögn)

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er lagt til að aðgengi að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingarblaðs verði gjaldfrjálst. Hagsmunasamtök heimilanna vilja af þessu tilefni benda á að ekki er tekið gjald fyrir aðgang að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda í núverandi mynd. Aftur á móti er tekið 2.300 kr. gjald fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs, sem er reyndar 50 kr. hærra en nú er heimilt samkvæmt 14. gr. b í lögum um aukatekjur ríkissjóðs.

Aðgangur að Lögbirtingarblaði er mikilvægur þáttur réttarríkisins því þar eru birtar ýmsar tilkynningar sem geta haft margvisleg réttaráhrif fyrir þá sem þær beinast að. Í tengslum við þau málefnavið sem Hagsmunasamtök heimilanna láta sig varða hefur þetta sérstaklega þýðingu varðandi stefnubirtingar, en í vissum tilvikum er birting stefnu í Lögbirtingarblaði talin fullnægjandi, svo sem ef lögheimili eða aðsetur er óþekkt. Það sama á við í svokölluðum ógildingarmálum en samtökunum er kunnugt um fjölda tilvika þar sem fjallað hefur verið um stórfellda hagsmuni einstaklinga í slíkum málum án þess að þeim hafi verið gert kunnugt um málshöfðun nema með auglýsingu í Lögbirtingarblaði. Það ágæta rit lesa fæstir almennir borgarar reglulega og eru því raunveruleg dæmi um að einstaklingar hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna útvistar í slíkum málum. Samtökin leggja því til að í rafrænu umhverfi verði notendum gert kleift að setja vöktun á tiltekna leitarstrengi t.d. kennitölu sína eða fasteign og fengið senda tilkynningu ef auglýsing birtist sem inniheldur þann streng. Þannig gætu einstaklingar tryggt að þeir fari ekki á mis við slíkar birtingar sem varða hagsmuni þeirra.

Að framangreindum athugasemdum virtum eru Hagsmunasamtök heimilanna almennt fylgjandi þeim tillögum sem koma fram í hinu umrædda frumvarpi.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórssdóttir

Ásthildur Lóa Þórssdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is